


Tillaga að deiliskipulagi fyrir Bakkakot efra - frístundahús



Hluti aðalskipulags Rangárbings eystra 2012-2024

### GREINARGERÐ

#### 1. Afmörkun skipulagssvæðisins og núverandi staða

Deiliskipulagið nær frá þjóðveginum í norðri, Bakkakotsá til vesturs og inn á tún til austurs og suðurs, sjá nánar á uppdrættinum. Heildar skipulagssvæði er 20.500 m<sup>2</sup>. Svæðið er í dag ræktað tún og er gert ráð fyrir að taka 730 m<sup>2</sup> undir frístundarlóð en restin af túnunum verða óbreytt. Framræsissskurðir eru í kringum túnin og þar með lóðina, ekki er gert ráð fyrir að fylla í skurði.

Í gildandi aðalskipulgi Rangárbings eystra 2012-2024 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Minjar: Gamli bæjarhóllinn er sunnan við áætlaða lóð, merkt M á uppdrætti. Austan við bæjarhóllinn er hlaðinn garður. Austan við vegslóðann, nær þjóðveginum er einnig talið að séu einhverjar minjar.

#### 2. Aðkoma og bílastæði

Núverandi vegslóði frá þjóðvegi 1 að túnum og beitarhólfum verður nýttur sem aðkoma að frístundahúsinu. Gert er ráð fyrir að vegslóðinn verði áfram nýttur til að hirða tún og fleira. Bílastæði er ráðgert við enda slóðans.

#### 3. Almennir skilmálar

Í syðsta hluta skipulagssvæðisins er ný 730 m<sup>2</sup> lóð fyrir frístundahús. Á lóðinni er einn 360 m<sup>2</sup> byggingareitur. Innan byggingareitsins er leyfilegt að byggja eitt, allt að 80m<sup>2</sup> frístundahús á einni hæð. Hámarkshæð hús er 4m frá gólfkóta. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls. Einnig er heimilt að byggja allt að 30m<sup>2</sup> geymsluskúr á einni hæð, innan byggingarreits.

#### 4. Veitur

Gert er ráð fyrir rotþró eða siturlögn innan lóðar, sjá áætlaða staðsetningu á uppdrætti. Frágangur skal vera í samræmi við gildandi reglugerð um fráveitu.

Gert er ráð fyrir neysluvatni frá Hrutáfellsveitu.

Háspennulína liggur yfir túnið norðan við áætlaða lóð og er gert ráð fyrir að húsið tengist veitukerfi RARIK.

Minnt er á 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80 / 2012 þar sem segir m.a.:

*Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er... Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar.*

DEILISKIPULAG ÞETTA HEFUR FENGIÐ MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ 41. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010  
VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN RANGÁRÞINGS EYSTRÁ

ÞANN \_\_\_\_\_ 20\_\_

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ \_\_\_\_\_ 20\_\_ MED ATHUGASEMDFRESTI TIL \_\_\_\_\_ 20\_\_.

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSINS VAR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Rangárbing eystra  
Bakkakot efra - frístundahús  
Deiliskipulag

KVARÐI-A3: 1:2000	TEIKN NR: 1/1
DAGS: 05.06.2019	HANNAD: FK
FLOKKUR: 8613-rangey	TEIKNAD: HN
SKRÁ: 17139-DSK.dwg	VERKNR: 17139

